

Grenndarskógur Menntavísindasviðs HÍ

1. Menntavísindasvið HÍ, Umhverfis og samgöngusvið Reykjavíkurborgar og Menntasvið LÍS-verkefnið gera með sér eftirfarandi samning um grenndarskóg HÍ í Öskjuhlíð í Reykjavík.
2. Markmið samkomulagsins er að stuðla að samstarfi um þverfaglegt útinám í HÍ og efla virðingu nemenda fyrir mikilvægi skógarins fyrir náttúru, mannlíf, menningu og efnahag þjóða á sjálfbærum grunni og auka með því fjölbreytni í skólastarfi. Að öðru leyti vísast til markmiða í aðalnámskrá grunnskóla varðandi tengsl við einstakar námsgreinar og skólastig og faglegar tengingar við námsgreinar og aðferðarfræði í kennslu hjá Menntavísindasviði.
3. Grenndarskógurinn afmarkast af því svæði sem áður var notað undir aðflutningsljós vegna Reykjavíkurlflugvallar og liggur vestan við Fossvogskirkjugarð og til vinstri við veginn þar sem komið er inn í Öskjuhlíðina að austanverðu. Að vestanverður afmarkast hann af veginum og að fyrsta bílastæðinu til vinstri og í beinni línu þaðan í austur og að girðingunni við kirkjugarðinn. Aðilar hafa óheftan aðgang að grenndarskóginum til allra almennra skógarnytja eins og aðstæður leyfa í skipulegu skólastarfi til náms og dvalar. Svæðið er jafnframt opið almenningi til útivistar enda liggur göngustígur þvert í gegnum skóginn meðfram kirkjugarðinum.
4. Samstarfsaðilar LÍS-verkefnisins vinna sameiginlega að því að gera grenndarskógin sem nýtilegastan fyrir skólastarf HÍ og að hann verði góð fyrirmynd í slíku starfi og sýni sem best möguleika skógarins fyrir fjölbreytt og gagnlegt skólastarf.
5. Varðandi alla meiriháttar efnistöku/ viðartöku eða mannvirkjagerð skal haft samráð við Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar og leitað heimildar fyrir slíku. Þessi samningur hefur ekki fjárhagslegar skuldindingar í för með sér nema slíkt sé skilgreint í fjárhagsáætlunum samstarfsaðila.
6. Óski samstarfsaðilar eftir því að nemendur vinni að skógartengdum verkefnum s.s. við grisjun og umhirðu leiðbeinir Umhverfissviðs við slíka vinnu og finnur til þess hentug svæði.
7. Samstarfsaðilar bera ábyrgð á vinnu nemenda við störf í grenndarskóginum og sjá þeir til þess að umgengni sé eins og best verður á kosið.
8. Komið verði upp látlausu skilti sem staðfesti notkun þessa svæðis í skólastarfi við báða enda grenndarskógarins.
9. Framkvæmd samkomulagsins er í höndum samstarfsaðila sem tilnefna hver sinn fulltrúa vegna samstarfsins.
10. Samkomulagið gildir frá undirskrift, eitt ár í senn þar til honum er sagt upp með 3 mánaða fyrirvara af einum aðila eða fleirum.

Samkomulagið er gert í þrem samhljóða eintökum, eitt fyrir hvern aðila.

Öskjuhlíð 21. apríl 2010

Umhverfissviðs R

Menntavísindasvið HÍ

Menntasvið R /LÍS

